

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna stækkunar svæðis fyrir þjónustustofnanir Þ7 og íbúðarbyggðar ÍS2.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. september 2021 breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 19. ágúst 2021.

Í breytingunni felst stækkun svæðis fyrir þjónustustofnanir (Þ7) og íbúðarbyggðar (ÍS2) í Vík, þar sem bætt verður við tveimur nýjum lóðum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 3. september 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. september 2021